



**FRÓÐI**  
BÓKA OG BLÁDAÚTGÁFA

Aðalskrifstofur: Ármúla 18 · 108 Reykjavík · Sími 812300 · Pósthólf 8820  
Ritstjórn: Bildshöfða 18 · 112 Reykjavík · Sími 685380 · Telefax 812946  
Ritstjórn: Bildshöfða

Reykjavík, 14. desember 1992.

Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Alþingi, 150 Reykjavík.

*Erindi nr. 116 1587*

Heiðruðu nefndarmenn í Efnahags- og viðskiptanefnd.

*komudagur 14/12 1992*

Ég þakka fyrir bréf ykkar dagsett þann 8. desember, sem var að berast mér nú áðan. En í því er óskað eftir skriflegu álitinu mínu fyrir hönd Samtaka útgefenda tímarita, SÚT, sem ég er formaður og talsmaður fyrir, á mögulegum breytingum á virðisaukaskatti og þá væntanlega, sem varðar tímarit og bækur. Þar sem fyrirvari er lítill leyfi ég mér að senda ykkur bréf, sem ég ritaði og sendi öllum alþingismönnum þann 7. október. Í því kemur flest það fram um áhrif álagningar virðisaukaskatts á tímarit, sem ég tel að skipti máli. Að mínu álitu geta útgáfufyrirtæki í tímaritum og bókaútgáfu ekki aðlagð rekstur sinn álagningu 14% virðisaukaskatts. Áhrif hans verða að mínu viti fyrir þær tvær greinar útgáfu, sem ég þekki til:

1. TÍMARITAÚTGÁFA. Hækkun verðs úr kr 579 í kr 660 mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar í lausasölu vandaðra íslenskra tímarita. En útgáfa íslenskra tímarita hefur þróast í amk 25 ár án söluskatts og virðisaukaskatts. Samkeppnisstaðan við sambærileg erlend tímarit verður enn alvarlegri en áður. Samdráttur verður mjög alvarlegur með sársaukafullum afleiðingum fyrir þá, sem í greininni starfa. Störfum fækkar. **RÍKISSJÓÐUR MUN TAPA MIKLUM FJÁRMUNUM. SJÁ GREIN Í FRJÁLSRI VERSLUN BLS 27 um útreikning og forsendur.**

2. BÓKAÚTGÁFA. Nokkur bókaforlög standa tæpt fjárhagslega. Álagning 14% virðisaukaskatts mun leiða af sér mjög alvarlegar afleiðingar í gjaldþrotum og fækkun starfa. Hækkun verðs á bókum mun leiða af sér val fólks í stórum stíl á öðrum hlutum en bókum í jólagjafir vegna hækkunar. Sá samdráttur einn gæti leitt af sér 25-30% samdrátt í bóksölu milli árána 1992 og 1993. **RÍKISSJÓÐUR MUN TAPA MIKLUM FJÁRHÆÐUM VEGNA FÆKKUNAR STARFA, MINNI VELTU OG MINNKANDI SKATTTEKNA.**

Ég hef ekki gert tilraun til að leggja mat á menningarleg áhrif þess, ef 14% virðisaukaskattur verður lagður á tímarit og bækur með ofangreindum afleiðingum. Aðrir eru betur til þess hæfir.

Mín skoðun er bjargföst, að við núverandi aðstæður og eins og ég sé þær verða árið 1993 og 1994, munu dagblöðin tvö geta lifað af álagningu 14% virðisaukaskatts, útvarpsstöðvar munu eiga erfiðara með það, en lifa það af, en tímarita- og bókaútgáfa verða fyrir stórkostlegum og sársaukafullum samdrætti.

Ég óska allra vinsamlegast eftir að fá að koma á fund til ykkar og útskýra mál mitt.

Með vinsemd og virðingu,

  
Magnús Hreggviðsson, stjórnarformaður Fróða,  
formaður samtaka útgefenda tímarita, SÚT.



Reykjavík, 7. október 1992.

Heiðraði alþingismaður.

Fyrir hönd útgefenda íslenskra tímarita hef ég óskað eftir því skriflega með bréfi til formanna þingflokka á Alþingi, að fá að koma inn á þingflokksfundi og kynna þær alvarlegu afleiðingar, sem ég tel, að fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskatti munu hafa á útgáfu íslenskra tímarita. Gildir þar einu hvort um skerðingu á endurgreiðslu innskatts eða álagningu lægra þreps á íslensk tímarit væri að ræða. Hvort tveggja mundi leiða af sér 14% hækkun íslenskra tímarita frá gildistöku og taka mögulegan framtíðargrundvöll undan þeirri íslensku tímaritaútgáfu, sem enn er eftir í kjölfar fækkunar tímarita og gjaldþrota á undanförunum árum.

Mig langar að biðja þig, ágæti alþingismaður, að hafa þolinmæði til að lesa yfir þau atriði, sem ég set hér á blað og miðast við fyrirtæki mitt FRÓÐA og ég gjörþekki. Því heildartölur úr íslenskri tímaritaútgáfu eru ekki til, mér vitanlega. En FRÓÐI er eitt fyrirtæki, sem hefur orðið til við samruna fimm minni fyrirtækja á undanförunum árum. En þau voru rekin með tapi fyrir samrunann, eftir hann með litlum hagnaði þar til fyrir tveimur árum. Síðan þá hefur FRÓÐI verið rekinn með tapi og er svo enn. Ég tel að FRÓÐI sé með nálega 60-65% markaðshlutdeild á hinum hefðbundna tímaritamarkaði með ellefu tímarit, handbókina ÍSLENSK FYRIRTÆKI og bókaútgáfu sem hliðargrein og tölvuvæddan upplýsingabanka, PÓSTMARK. FRÓÐI er með 100 ársstörf og skapar um 40 ársstörf í íslenskum prentsmiðjum. Ég bið þig forláts, þó ég taki einungis tölur og mat út frá FRÓÐA. Miðað við 60-65% markaðshlutdeild á hinum hefðbundna tímaritamarkaði á þó að vera hægt að meta stærðir í íslenskri tímaritaútgáfu og meta möguleg áhrif breytinga á virðisaukaskatti út frá tölum, sem ég set á blað í þessu bréfi.

Ég tel að áhrifin af fyrirhuguðum mögulegum breytingum á virðisaukaskatti á íslensk tímarit mundu verða þessi:

1. Íslensk tímaritaútgáfa hefur verið undanþegin söluskatti bæði aðföngum og einnig í útskatti undanfarin a.m.k. 25 ár. Síðastliðin ár hefur hún verið undanþegin virðisaukaskatti á áskriftir og lausasölu, en auglýsingar borið fullan útskatt. Frá honum hefur mátt draga innskatt á aðföngum, sem í raun hefur þýtt að hún hefur verið undanþegin virðisaukaskatti. Þetta hefur þýtt að atvinnugreinin hefur þróast við undanþágu á söluskatti og virðisaukaskatti amk síðastliðin aldarfjórðung. Atvinnugreinin er ekki með burði til að taka neinum breytingum til hins verra frá núverandi ástandi sem er taprekstur.

2. Íslensk tímaritaútgáfa hefur, þótt óburðug hafi verið fjárhagslega, átt mikinn þátt í að sporna við erlendum áhrifum með með framboði af velgerðum íslenskum tímaritum, sem koma reglulega út og fjalla um nánast flest það, sem íslenskt getur talist. Hún hefur því miður verið á miklu undanhaldi á undanförunum þeim 10 árum, sem ég hef unnið við hana. Hefur tímaritum fækkað, tölublöðum tímarita fækkað og gjaldþrot verið tíð. Meginvandi hennar hefur ávallt verið hið smáa málsvæði Ísland. Er nú svo komið að ekki koma fleiri en nálega 15 tímarit á hinum hefðbundna íslenska tímaritamarkaði. Þar af koma 11 út hjá



**FRÓÐA.** Hefur undanhald verið mikið m.a. vegna mjög aukinnar og harðrar sóknar erlendra tímarita inn á hinn íslenska tímaritamarkað. Eru nú flutt inn hundruð titla með reglubundnum hætti, er seljast allt frá fáum eintökum upp í 1-2000 eintök. Þessi erlendu tímarit eru seld á kr 250-kr 400 á meðan sambærileg íslensk tímarit eru seld á kr 570. Ástæðan: erlendu tímaritin eru framleidd fyrir allt að þúsund sinnum stærra málsvæði. Samkeppnin er því ótrúlega ósanngjörn vegna þessa. Sem dæmi mætti nefna um þetta er sú fullyrðing mín, að ef upplag íslenskra tímarita væri fimmfaldað, þá væri hægt að lækka verð um hartnær 40%, úr kr 570 í kr 345.

3. Erlend tímarit koma til landsins svo þúsundum skiptir í viku hverri til íslenskra áskrifenda. Þau eru öll undanþegin virðisaukaskatti. Áskrift að þeim er nú allt að þrisvar til fjórum sinnum ódýrari en áskrift að íslenskum. Álagning virðisaukaskatts í lægra þrepi eða skerðing á endurgreiðslu innskatts mundi gera þennan ójöfnuð enn verri.

4. Ef ofangreindar íþyngingaradgerðir í virðisaukaskatti á tímarit verða framkvæmdar mun tvennt gerast að mínu viti. Í fyrsta lagi munu útgefendur neyðast til að flytja prent íslenskra tímarita úr landi til að minnka skattlagningu. Í öðru lagi og samhliða mundi tímaritum fækka enn frá því sem komið er. FRÓÐI mundi líklega neyðast til hvors tveggja. Að mínu áliti mundu afleiðingarnar líklega verða þessar:

4.1. Íslenskum tímaritum með íslensku efni og íslenskum texta mundi fækka um þriðjung.

4.2. Prent á íslenskum tímaritum mundi að verulegu leyti flytjast úr landi. 40störf færu úr landi vegna FRÓÐA. Þeir, sem misstu störfin fengu ekki önnur störf.

4.3. Íslensk tímarit kæmu til Íslands erlendis frá með pósti. Erlend póstoffirtæki fengju póstburðargjöldin.

4.4. Störfum í íslenskum tímaritafyrirtækjum mundi fækka um þriðjung. Þeir, sem misstu störfin, fengu ekki önnur störf.

4.5. Margumtöluð fimmföldunarhrif í hagfræðinni vegna ofangreinds samdráttar mundi skapa samdrátt hjá einkaaðilum, ríki og sveitarfélögum.

Í beinhörðum peningum mundi dæmið líta svona út vegna íslenskrar tímaritaútgáfu. Forsendur eru FRÓÐI með 60%, öll íslenska tímaritaútgáfan með 100%.

1. Áætlaðar fyrirhugaðar tekjur af virðisaukaskatti á ári, Fróði kr 30millj, öll tímaritaútgáfa kr 50,0millj. Þriðjungs-samdráttur lækkun úr 50millj í 33,5millj án þess að flutningur prents flyttist úr landi.

2. Hver faglærður prentari fær nú 2,5millj í laun á ári. Vegna FRÓÐA 100millj. Öll íslensk tímaritaútgáfa 167millj. Skattaðar tekjur 2,5millj - 0,72millj = 1,78millj. Tekjuskattur hvers 0,7millj. x 40 : 0,6 = 47millj., sem Ríkissjóður missti í tekjuskatti, ef öll tímaritaútgáfa flytti úr landi, aðeins frá fækkuðum prentstörfum.

3. FRÓÐI greiðir nú Pósti & Síma 15millj. : 0,6 = 25millj mundu tapast þar, ef íslensk



tímarit yrðu borin út erlendis frá.

4. FRÓÐI er með 100ársstörf innan fyrirtækisins. Öll tímaritaútgáfa  $100 : 0,6 = 167$  ársstörf. Meðallaun 1,8 millj. Skattaðar tekjur -  $0,72 = 1,0$  millj. Fækkun starfa um þriðjung  $0,3 \times 167 = 50 \times 1,0$  millj = 50,0 millj.

5. Ríkissjóður greiðir hverjum atvinnulausum 0,5 millj án barns á framfæri. 40prentstörf og 50störf í tímaritaútgáfu gera 90störf, sem ekki fengju vinnu. Fjárútlát ríkissjóðs vegna greiðslu atvinnuleysisbóta til ofangreindra 90 einstaklinga yrðu 45 millj.

6. Ekki er gerð tilraun til að meta fimmföldunaráhrif vegna minnkunar verðmæta í þjóðfélaginu til skerðingar fyrir Ríkissjóð. Nemur sá þáttur einn örugglega nokkrum tugum milljóna fyrir Ríkissjóð einan. Er látið nægja að tap Ríkissjóðs vegna þessa liðar verði látið mæta mögulegri skekkju í ofangreindum forsendum.

Niðurstaða Ríkissjóðs yrði eftir ofangreindar breytingar á virðisaukaskatti á tímarit:  
Heildartekjur af virðisaukaskatti nú kr 0. Fyrirhugaðar 50/33 millj sbr nr 1.  
ÚTGJÖLD EFTIR BREYTINGAR kr 47 millj (nr 2) + 25 millj (nr 3) + 50 millj (nr 4)  
+ 45 millj (nr 5) = SAMTALS ÚTGJÖLD RÍKISSJÓÐS UMFRAM NÚVERANDI  
ÁSTAND KR 167 MILLJ.

Hér hefur ekki verið gerð tilraun til að setja á blað lýsingu á því ástandi og umhverfi, sem fólk lifir í, sem misst hefur vinnu og fær ekki. Á ég þar við tilfinningalega þáttinn margbrotna, sem við atvinnurekendur finnum nú fyrir nánast á degi hverjum, hjá fólki, sem gengur fyrirtæki úr fyrirtæki að leita sér vinnu, en fær ekki.

Ekki dettur mér í hug, að ofangreindar tölur og rituð orð séu hinn stóri sannleikur við mat á áhrifum mögulegra breytinga á virðisaukaskatti er varðar tímarit. Verður aðeins að líta á orð mín sem vísbendingu um mat á mögulegu ástand eins og ég fæ best séð við skoðun málsins með nánustu samstarfsmönnum mínum. Bið ég alþingismenn að virða mér það til vorkunnar, að ég er að gera heiðarlega tilraun til að opna augu allra þingmanna fyrir því hættuástandi, sem gæti skapast af margnefndum virðisaukaskattshugmyndum. Að vísu aðeins fyrir lífinn hluta þjóðarinnar. En nógu stóran samt.

Ég lýsi mig reiðubúinn að koma á þingflokksfundi eða til einstakra þingmanna nánast hvenær sem er fyrir 20. október eða eftir 5. nóvember og ræða þetta mál og reyna upplýsa betur en mér hefur tekist í bréfi þessu og svara fyrirspurnum um málið. Mér væri einnig ljúft að svara fyrirspurnum í síma óski einhver þingmaður eftir því, bæði á daginn og á kvöldin. Er vinnusími minn 812300, en heimasímar 77797 og 77766.

Ég þakka þér fyrir athyglina.

Magnús Hreggviðsson, stjórnarformaður.